

ECDC STJÓRNARSTOFNUN

Árleg skýrsla framkvæmdarstjóra 2011

Samantekt

Sóttvarnarstofnun Evrópu (e. the European Centre for Disease Prevention and Control, ECDC) tókst að framkvæma flestar vinnuáætlanir sínar árið 2011. Á sama tíma jók stofnunin afköst, einfaldaði uppbyggingu sína og þróaði áfram margs konar samstarf í þeim tilgangi að mæta þörfinni fyrir öflugri viðbrögðum gagnvart þeirri ógn sem smitsjúkdómar eru í Evrópu. Til viðbótar því að kynna helstu afrek stofnunarinnar árið 2011 inniheldur þessi ársskýrsla í viðauka 1, töflur sem sýna nákvæma framkvæmd á vinnuáætluninni 2011, eins og hún var samþykkt af framkvæmdastjórninni í nóvember 2010.

Úrræði

Meginráðstöfunarfé stofnunarinnar lækkaði úr 57,8 milljónum evra árið 2010 í 56,6 milljónir árið 2011 (-2%). Frá 31. desember 2011 voru 270 fastar stöður hjá ECDC (tímabundnir starfsmenn, samningsbundnir starfsmenn og útsendir sérfræðingar frá aðildarlöndunum).

Starf tengt sjúkdómum

ECDC hélt áfram að þróa verkfæri til vísindalegrar vinnu, eftirlitsaðgerðir, gagnagrunna og tengslanet og skipuleggja starf til að auka afkastagetu og þjálfun fyrir hina sex sjúkdómsflokka sem falla undir valdssvið stofnunarinnar. Þetta var í samræmi við Árlegu starfsáætlunina og *Áætlunina fyrir ákveðna sjúkdóma 2010-2013*, sem samþykktar voru af framkvæmdastjórninni árið 2009.

Með tilliti til **þols gegn sýklalyfjum og sýkinga í tengslum við heilsugæslu**, var einn meginviðburður á árinu 2011 samþætting evrópsks eftirlitskerfis fyrir poli gegn sýklalyfjum (e. European Antimicrobial Resistance Surveillance Network, EARS-NET) við ECDC og þróun á **upplýsingakerfiseiningu um farsóttir fyrir AMR og HAI (e. Epidemic Intelligence Information System (EPIS) module for AMR and HAI)**. ECDC gerði einnig hættumat um útbreiðslu carbapenemase framleiðandi *Enterobacteriaceae* (CPE) af völdum flutninga á sjúklingum milli heilbrigðisstofnana með sérstaka áherslu á flutning yfir landamæri auk endurskoðunar á hættumati sínu á útbreiðslu Nýju Delhí metallo- β -lactamase og afbrigðum þess í Evrópu. Annar lykilviðburður var fjórði árlegi Evrópski vitundardagurinn um sýklalyf sem skipulagður var af ECDC í nóvember 2011. Viðburðurinn, sem lagði áherslu á aukið ónæmi gegn nýjustu tegundum af sýklalyfjum, fékk mikla umfjöllun í Evrópu og leiddi af sér alls 611 greinar á tímabilinu 15. október til 15. desember 2011. Að lokum sendi ECDC, í samstarfi við Euronews, frá sér heimildamynd um evrópska **sjúklinga og sögur þeirra um hvernig sýking af völdum baktería með fjölylfjaónæmi hefði haft áhrif á líf þeirra**. Talið er að á sex mánaða sýningartíma muni um 12 milljónir einstaklinga horfa á heimildarmyndina.

Á sviði **nýrra sjúkdóma og sjúkdóma, sem smitast með smitberum**, hefur ECDC sameinað kerfi skordýrafræðinga í heilbrigðisgeiranum og lýðheilsusérfræðinga á sviði lífdýrasjúkdóma sem smitast með smitberum (VBORNET). Samstarfsnetið uppfærði kort sín af dreifingu ágengra moskítótegunda og eftirliti með þeim

og hóf einnig að sannreyna gögn um aðra hópa smitbera (sandflugur). Á grundvelli rannsókna á starfi og þörfum aðildarríkjanna, sem framkvæmd var 2010, var þróuð áætlun um eftirlit með smitberum helstu framandi sjúkdóma í mönnum. Hvað varðar sjúkdóma sem berast með skógarmítlum, hefur ECDC beint starfi sínu að vinnu með sérfræðingum um tilkynningarstöðu þessara sjúkdóma. Varðandi sjúkdóma af völdum moskitófluga að þá voru vikulega gerð dreifingarkort af staðfestum tilvikum af Vestur-Nílarhita í mönnum í Evrópusambandslöndunum og nærliggjandi löndum. Að lokum voru áherslur aðgerða ECDC samstarfsnetsins á sviði innflutta veirusjúkdóma á viðbrögð gegn faröldrum, ytri gæðatryggingu og sérstökum þjálfunarstuðningi fyrir örverufræðinga í aðildarríkjum.

Í áætluninni um **sjúkdóma sem berast með mat og drykk og mannsmitanlegum dýrasjúkdómum** brást ECDC skjótt við hinum alvarlega shiga-eiturframleiðandi *E. coli* faraldri í Þýskalandi með því að gera hættumöt, uppfæra reglulega faraldsfræðileg gögn, skipuleggja stuðning við rannsóknar- og læknaströf og eiga í nánú samstarfi við EFSA, framkvæmdastjórnina og aðildarríkin. Faraldurinn hafði einnig áhrif á ferðamenn frá öðrum löndum. Undirbúningurinn fyrir þróun á tæknilegu kerfi fyrir söfnun á gögnum um sameindagreiningu í TESSy gekk vel.

Á sviði **kynsmitsjúkdóma, þar á meðal HIV/AIDS og veirum sem berast með blóði**, gaf ECDC út leiðbeiningar um forvarnir gegn smitsjúkdómum hjá fólki, sem sprautar sig með eiturlyfjum, í samstarfi við Evrópsku eftirlitsmiðstöðina fyrir eiturlyf og eiturlyfjafíkn (e. European Monitoring Centre for Drugs and Drug Addiction (EMCDDA), en leiðbeiningarnar byggðu á mati á gögnum um forvarnaráætlanir og álit sérfræðinga. Fyrsta eftirlitsskýrslan um kynsjúkdóma var gefin út með gögnum frá 20 árum um fimm kynsjúkdóma og sýndi núverandi misleitni í umsjá og tilkynningum um tilfelli og beindi athyglinni að áskorunum við að bæta skilning á kynsjúkdómamafaraldsfræði í aðildarríkjunum. Euro-GASP leiddi í ljós samfellda ógn gegn hinum fjölylfjaónæma lekanda. Auknu eftirliti með lifrabólgu B og C var komið á og gögnum var safnað í fyrsta skipti. Fjölörgum verkefnum var hrundið af stað með það að markmiði að styðja við aðildarríkin til þess að styrkja forvarnir og forvarnarverkefni í framtíðinni.

Með tilliti til **inflúensu** hélt ECDC þrjár vinnusmiðjur um viðbrögð gegn heimsfaraldri í samstarfi við svæðisskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Evrópu fyrir Evrópusambandslöndin á meðan fjórða vinnusmiðjan um lönd utan ESB/EES löndin var haldin af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Í ár undirbjó ECDC nýtt inflúensutólasett fyrir almenning og starfsfólk í heilbrigðisþjónustu. ECDC skoðaði gögn um vandamál af völdum bólusetningar gegn inflúensu í börnum og barnshafandi konum. Til viðbótar hóf ECDC styrkingu evrópsks eftirlits á alvarlegum sjúkdómum og dauðsföllum vegna inflúensu. Á sviði árstíðabundinnar inflúensu þróaði ECDC hættumat fyrir tímabilið 2010-2011, þétti vinnu á sviði samskipta og veitti aðildarríkjunum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins stuðning við útfærslu tilmæla heilsuráðs ESB fyrir árið 2009 hvað varðar bólusetningu gegn árstíðabundinni inflúensu ásamt VENICE kannananna um stefnur er varðar bólusetningu og útbreiðslu (heimsfaralds- og árstíðabundinnar inflúensu).

Á sviði **berkla** voru þróaðir Evrópusambandsstaðlar fyrir umönnun berklasjúklinga, en það eru sjúklingamiðaðir staðlar sem beint er að læknum og lýðheilsustarfsfólki og munu þeir verða birtir í apríl 2012. Áætlunin samræmdi, með árangursríkum hætti, starfsemi heimsdags berkla við starf sem snýst um áskoranir af völdum berkla í barnæsku. Vinna hélt áfram við að veita gagnabyggðar ECDC leiðbeiningar en árið 2011 var miðað að því að þróa leiðbeiningar um stjórnun þess að komast í snertingu við einstaklinga með fjölylfjaónæma berkla.

Mikil árangur náðist á árinu 2011 fyrir **hermannaveiki**, nefna má upphaf EPIS fyrir ELDSNet, námskeið um hermannaveiki og aðferðir rannsóknarstofa voru haldin fyrir þátttakendur aðildarríkjanna auk þess sem gerð var könnun um rannsóknargetu aðildarríkjanna. Tólabox fyrir rannsókn á útbreiðslu hermannaveiki var þróað.

Á sviði **sjúkdóma sem hægt er að koma í veg fyrir með bólusetningu**, var EUVAC samstarfsnetið flutt með góðum árangri yfir til ECDC og lauk þar með öllum flutningi á eftirlitsstarfi ESB til ECDC. ECDC hefur með virkum hætti lagt sitt af mörkunum til þróunar á **ákvörðun ráðherraráðsins um bólusetningu barna** sem Ungverjaland stóð fyrir þegar það var í forsæti ráðherraráðsins. Nýtt **eftirlitskerfi fyrir ágenga lungnabólgu sjúkdóma** hefur verið komið á laggirnar í Evrópusambandinu. ECDC hefur verið mikill talsmaður **öryggismats á heimsfaraldsbóluefnum gegn inflúensu** og framkvæmdi stofnunin könnun á hættunni á drómasyki eftir Pandemrix bólusetningu í gegnum VAESCO samstarfsnetið. **Þriðja Eurovaccine ráðstefnan var haldin hjá ECDC í desember 2011 og sóttu ráðstefnuna í Stokkhólmi 50 þátttakendur auk 1357 þátttakenda á Netinu í gegnum vefvarp.**

Lýðheilsustarfsemi

Frá stofnun sinni fyrir fimm árum hefur ECDC lagt mikla áherslu á áframhaldandi starf sitt á sviði lýðheilsu: eftirlit, vísindaráðgjöf, viðbúnað og viðbrögð, þjálfun og miðlun á sviði heilbrigðismála. Nú þegar sameiningaráfanginn hefur hafist hjá ECDC er starf stofnunarinnar á sviði lýðheilsu mála tryggilega fest í sessi. Árið 2011 styrkti ECDC innviði sína enn frekar og fínstíllti starfshætti og vinnur saman með Sjúkdómaáætlununum við að bjóða upp á gott starf fyrir hagsmunaaðila okkar og ríkisborgara Evrópu.

Eftirlit

Um haustið 2011 höfðu öll útvistuð og sérhæfð eftirlitsnet verið færð undir stjórn ECDC með flutningi EUVACNET. ECDC studdi einnig TESSy notendur í aðildarríkjunum með gögnum, þjálfun og aukinni virkni fyrir kerfið. Ferlið við að miðla TESSy eftirlitsgögnum til þriðja aðila var bætt og einfaldað enn frekar. 2011 var einnig ár mestu gagnasöfnunar frá upphafi starfsemi ECDC. Til viðbótar við sína árlegu faraldursfræðilegu skýrslu birti ECDC 63 sérstakar eftirlitsskýrslur um ýmsa sjúkdóma. Mikill fjöldi greina, samantekta og kynning byggðu einnig á greiningu og túlkun eftirlitsgagna sem safnað var saman á árinu 2011.

Vísindaleg aðstoð

Árið 2011 skipulagði ECDC fimmtu árlegu ESCAIDE ráðstefnuna í Stokkhólmi en hana sóttu næstum því 600 sérfræðingar á sviði lýðheilsu, farsóttarfræðingar og örverufræðingar. 180 munnlegar kynningar voru haldnar og 180 veggspjöld sýnd. Óskað hefur verið eftir því að ECDC veiti hættumat og tæknilega ráðgjöf um ýmis málefni, þar á meðal vísindalega ráðgjöf um vef- og frumuöryggi. Á öllu árinu hefur Vísindaráðgjafargeymslu- og stjórnunarkerfið (e. Scientific Advice Repository and Management System, SARMS) verið notað í auknum mæli til þess að stjórna og skrá veittar leiðbeiningar.

ECDC hélt fund um loftslagsbreytingar í nóvember 2011 með áherslu á að veita fulltrúum aðildarríkjanna aðgang að úrræðum og tólum til ákvarðanatöku sem ECDC hefur próað fyrir aðlögun að loftslagsbreytingunum. Próað var notendavænn hugbúnaður sem gerir aðildarríkjum kleift að leggja mat á innlenda byrði smitsjúkdóma sem er sýnd í lífsárum aðlöguðum að örorku (DALYs). Í desember var tölasettið og áætlanir um innleiðingu þess árið 2012 ásamt helstu einkenni BDoDE aðferðafræðinnar kynntar aðildarríkjum. Lokaskýrsla vinnuhópsins um lækisfræðiaðferðir, sem byggja á gögnum (EBM) fyrir lýðheilsu, var birt árið 2011. Hún kemur inn á spurningar sem tengjast því að veita gagnreynda ráðgjöf í þeim aðstæðum sem stofnunin starfar í, þ.e. þar sem lítið er um gögn og stuttur tími. ECDC kom einnig á fót þjálfunaráætlun fyrir EBM um forvarnir og stjórnun lýðheilsu-/smitsjúkdóma fyrir starfsfólk ECDC og aðildarríkjanna og hélt fyrsta námskeiðið fyrir utanaðkomandi aðila í maí 2011.

Viðbúnaður og viðbrögð

Árið 2011 var tekið í notkun nýtt kerfi fyrir hættumat á sjúkdómum sem bólusetja má fyrir. ECDC mat og vaktaði smitsjúkdómaáhættu á einum fjölsóttum viðburði. Skýrt var frá sextíu og fjórum ógnum að Evrópusambandsumfangi í gegnum EWRS, sem rekið er af ECDC. Samtals voru framkvæmd 28 mót á ógnunum og þeim miðlað til aðildarríkjanna. ECDC sá einnig fyrir sérfræðingum á vettvangi til þess að styðja við viðbrögð aðildarríkjanna gegn útbreiðslu malaríu og Vestur-Nílar veirunnar í Grikklandi. Utan Evrópusambandsins voru ECDC sérfræðingar á Haiti þegar kóleran braust út í kjölfar jarðskjálftans 12. janúar 2010.

Á grundvelli lærdómsins sem dreginn var af *e.coli* (STEC) faraldrinum árið 2011 endurskoðaði ECDC innri aðgerðaráætlun sína fyrir lýðheilsuviðburði (e. Public Health Event Operation Plan, PHE-OP). ECDC skipulaði fjölmargar vinnusmiðjur þar sem líkt var eftir raunverulegum aðstæðum fyrir starfsfólk ECDC og sérfræðinga frá aðildarríkjum. Árið 2011 skipulagði ECDC og Europol vinnusmiðju undir nafninu *Evrópsk sýn á samvinnu milli stofnana á sviði CBRN-tengdra ógna og áhættna* (e. *European perspectives for interagency cooperation in the field of CBRN-related threats and risks, EPICO*). Öðrum miðstöðvum og stofnunum, sem máli skipta, var boðið að skiptast á nýlegum samstarfsaðferðum, benda á hugsanlegar gloppur og uppgötva nýja kosti og möguleika. Vinnusmiðjurnar lögðu sitt af mörkunum til frekari kynningar á samvirkni og starfsmögnun í viðbúnaði og fjölluðu um greiningu á og viðbrögð við vísitandi CBRN ógnum og hættum.

Þjálfun

Þjálfun til hæfnisuppyggingar fór fram, þar á meðal tveggja ára þjálfunaráætlanir á borð við EPIET og EUPHEM. Í kjölfar EPIET mats, var *feriláætlun fyrir aðildarríkin* bætt við núverandi Evrópusambandsferil, í þeim tilgangi að auka eignarhald aðildarríkja á áætluninni. Að auki óskuðu fjögur aðildarríki eftir því að fulltrúar frá innlendum þjálfunaráætlunum yrðu með í árganginum 2011 sem *EPIET tengdar áætlanir*. Þetta gerðir heildarstærð árgangsins 2011 að 40 fulltrúum. Samtals voru 24 heimsóknir til aðildarríkja skipulagðar og voru þær hluti af innri gæðastjórnunaraðgerðum EUPHEM og EPIET áætlanna. ECDC skipulagði einnig enn sérhæfðari þjálfunaráætlanir og próaði handvirkt viki vettvangsfaraldsfræði (e. Field Epidemiology Manual Wiki, FEM Wiki). Árið 2011 fékk ECDC fulla viðurkenningu UEMS (endurmenntun á sviði læknavísinda) fyrir öll þjálfunarnámskeið ECDC. Boðið var upp á sérstaka þjálfun fyrir bólusetningu gegn influensu og innleiðinguna á tilmælum ráðs Evrópusambandsins.

Heilbrigðisboðskipti

Árið 2011 stóð ECDC fyrir 122 vísindalegum útgáfum. Vefsíða ECDC, sem hleypt var af stokkunum árið 2009, er mikilvæg uppspretta í Evrópu fyrir upplýsingar um lýðheilsuástand og fékk um hálf milljón gesta árið 2011. Fjölmiðlar eru mikilvægur vettvangur til þess að ná til fólks utan vefsíðunnar og hlúir fjölmiðlaskrifstofan að sambandinu við fréttamenn á heilbrigðissviðinu. Fjölmiðlaskrifstofa ECDC var mjög virk á meðan STEC faraldrinum stóð. Árið 2011 fagnaði Eurosurveillance 15 ára afmæli sínu. Tímariði birti 190 hraðboðskipti og venjulegar greinar ásamt 16

ritstjórnargreinum, 10 bréfum og 39 öðrum fréttagreinum. ECDC heldur áfram að þróa rannsóknir á sviði heilbrigðissamskipta og styðja við heilbrigðissamskipti aðildarríkjanna með kerfisbundinni kortlagningu á starfsemi á sviði heilbrigðissamskipta í Evrópu, miðlun góðra starfshátta, sem tengjast berskjölduðum erfðahópum og hindrunum gegn bólusetningu, ásamt því að gefa út ritröðina „insights into health communication“ (is. innsýn í heilbrigðissamskipti).

Samstarf

Árið 2010 ákvað ECDC að styrkja og einfalda starfshætti sína gagnvart aðildarríkjunum og var árið 2011 tilnefnd ein lögbær samræmingarstofnun innanlands í hverju landi fyrir sig. Fjöl margar landaheimsóknir fóru fram árið 2011, landaupplýsingaverkefnið hélt áfram og innleiðing á stefnu ECDC um samstarf við þriðju lönd, sem samþykkt var að framkvæmdarstjórn ECDC í nóvember 2010, hélt áfram með góðum árangri. Samstarfið við umsóknarlönd að Evrópusambandinu og hugsanleg umsóknarríki var styrkt frekar með áherslu á meginstarf af tvennum toga: innleiðing á IPA verkefni ECDC 2009/202-963, gerð nýs ECDC verkefnis 2011/282-291 og þróun á nýju matstóli sem búið er til í náinni samvinnu við stjórnarsvið framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins fyrir heilbrigði og neytendavernd (DG SANCO). Sambandið við Evrópuþingið, ráðherraráðið, framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, aðrar Evrópustofnanir, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, systurstofnanir ECDC í Bandaríkjunum, Kína og Kanada og fjölmarga alþjóðlega áhugahópa, sem vinna á sama eða svipuðu sviði og ECDC, var styrkt frekar. Nefna má sérstaklega undirritun framkvæmdastjóra ECDC og svæðisstjóra Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Evrópu á framkvæmdasamningi, og heimsókn þingnefndar, sem leidd var af formanni umhverfis-, lýðheilsu og fæðuöryggisnefndarinnar (ENVI) til ECDC.

Forysta

ECDC hélt áfram að vinna í anda þeirra gilda sem innleidd voru árið 2010 hjá stofnuninni: að vera drifin áfram af gæðum, sýna þjónustulund og starfa sem eitt sameinað ECDC lið. Samtals voru haldnir þrjár framkvæmdastjórnarfundir og fjórir ráðgjafarnefndarfundir, og var sérstakt *samstarfsgestanet* fundunum til stuðnings.

Hinn 1. apríl 2011 innleiddi ECDC mikilvægar breytingar á uppbyggingu stofnunarinnar til þess að auka áhersluna á frábæra samheldni og sveigjanleika í vinnu stofnunarinnar. Eftir endurskipulagninguna hélt innleiðingin á vinnuáætluninni 2011 áfram eins og ráðgert var fyrir stærstan hluta starfseminnar. Í kjölfar endurskoðunar innri endurskoðunar stofnunarinnar voru nokkrir nýir þættir kynntir til sögunnar til undirbúnings vinnuáætlunarinnar 2012: meðal annars heildarjáhagsáætlun fyrir starfsemina, markmið, vísar og takmörk auk hættumats. Gæðastjórnunarstefnan hefur nú tekið gildi þegar CAF* ferlið hófst í lok 2011. Þetta sjálfsmat mun leiða til fimm forgangsáðgerða til þess að bæta frammistöðu stofnunarinnar og er hluti af vinnuáætluninni 2013.

Stjórnun


Aðfangastjórnunin og samræmingareiningin hélt áfram að styðja við aðgerðir ECDC á árinu. Meginfjárlög stofnunarinnar lækkuðu úr 57,8 milljónum evra árið 2010 í 56,6 milljónir evra árið 2011 (-2%). Í júní 2011 gaf framkvæmdastjórnin út jákvætt álit á ársreikningnum stofnunarinnar fyrir árið 2010. Nokkrir nýir starfsmenn voru ráðnir og voru starfsmennirnir orðnir 270 í lok ársins. Mannauðsstjórnunardeildin tók mjög virkan þátt í stuðningi við endurskipulagningu ECDC: hún bjó til ný skipurit fyrir stofnunina og starfsmannalista, tilnefndi nýja stjórnendur, undirbjó nýja stjórnendur fyrir verkefni sín með því að búa til markmið fyrir starfsfólk þeirra. Stofnunin tók upp nýja ferla við val og ráðningar á starfsmönnum til þess að bæta enn frekar gagnsæi val- og ráðningarferla. Árið 2011 voru yfir eitt þúsund sendinefndir sendar með starfsfólki ECDC, 238 fundir haldnir og meira en 3000 utanaðkomandi þátttakendur sóttu fundi eða viðtöl á vegum ECDC. Yfir 130 innkaup voru gerð. ECDC fjárfesti um átta milljónum evra árið 2011 í upplýsinga- og samskiptatækni; helmingur þeirrar upphæðar var notaður til þess að þróa starfhæfan hugbúnað fyrir ECDC, utanaðkomandi samstarfsaðila stofnunarinnar og aðildarríkin; hinn helmingurinn fer í að viðhalda og þjónusta hugbúnað og þá þjónustu sem þegar er til staðar. Komið var á innri samskiptum með hjálp ýmissa tóla (innranets, fréttabréfs) til þess að bæta innra flæði upplýsinga og auka skilvirkni stofnunarinnar.

* Sameiginlegur matsrammi (e. Common Assessment Framework), heildar gæðastjórnunartól, sem hannað var af Evrópustofnun á sviði opinberrar stjórnsýslu (e. European Institute for Public Administration, EIPA) í kjölfar gæðalfkans þýska háskólans fyrir stjórnsýslufræði í Speyer.

Framkvæmd vinnuáætlunarinnar 2011: Yfirlit

ECDC tókst að framkvæma 90% af aðgerðunum í vinnuáætlun sinni, fara fram úr framkvæmdarmarkmiði fjárhagsáætlunarinnar sinnar: framkvæmd fjárhagsáætlunar í lok árs 2011 náði 96% fyrir skuldbindingar og 76% fyrir greiðslur.

Mynd 1: Framkvæmd vinnuáætlunarinnar 2011 eftir markmiðum. Sjá nánari upplýsingar í viðauka 1.



Markmið/DSP	Alls	Lokið	Að hluta	Seinkað	Frestað	Hætt við
ARHAI	15	13		1	1	
EVD	7	7				
FWD	9	7	1		1	
Hermannaveiki	9	8	1			
HASH	12	12				
Inflúensa	10	7		1	1	1
TB	8	5		2		1
VPD	12	11	1			
Eftirlit	9	9				
Vísindaráðgjöf	11	11				
Viðbúnaður / viðbrögð	13	11		2		
Þjálfun	8	8				
Heilbrigðissamskipti	14	13	1			
Samstaf	9	8				1
Forysta	9	8			1	
Stjórnarsýsla	21	20	1			

Alls	176	158	5	6	4	3
%	100%	90%	3%	3%	2%	2%